

GAT-050	Menntaskólinn í Kópavogi	
Útgáfa: 03		
Dags.: 22.09.2021		
Höfundur: GV		
Samþykkt: GE		
Síða 1 af 2	Fundargerð Skólanefndar #3	
	14. febrúar 2024	

Mættir: Guðríður Hrund, Guðmundur Birkir, Gerður, Embla, Svandís

Forfallaðir: Eysteinn, Ingibjörg og Steinþór

Staður og tími: 14.02.2024 N-101 kl. 12:00

Fundarefni:

Efnisatriði	Ábyrgð/dags. lokið ef við á:
1. Kælikerfi skólans: Haraldur framkvæmdarstjóri Hótel- og matvæðaskólans fór yfir útbóð í kælikerfi en Ríkiskaup útbýr útbóðsgögn fyrir skólann í kælikerfi. Útbóðsgögnin eiga að vera tilbúin á næstu dögum. Farin er nýsköpunarleið sem er nýjung og hefur skólinn fengið hrós fyrir þessa vinnu frá ríkiskaupum.	
2. Fjármál skólans: Elísabet fjármálastjóri fór yfir fjármál skólans en mikill halli er á afkomu skólans árið 2023. Neikvæður höfuðstóll fylgir skólanum inn á árið 2024 og því þarf átak til þess að ná kostnaði niður.	
3. Upphaf vorannar 2024: Vorönnin fer vel af stað. Tyllidagar voru haldnir í byrjun febrúar. Gleðin var alsríkjandi og gaman var að sjá hvernig kennurum og nemendum tókst að bjóða upp á skemmtilega dagskrá. Tyllidagkvöld fór svo einnig vel fram en nemendur mættu í skólann um kvöldið og voru með dagskrá til miðnættis. Í febrúar setti einnig leikfélag Menntaskólans í Kópavogi á svið leiksýninguna DNA. Forseti Íslands kom á frumsýninguna, heilsaði öllum þeim sem komu að sýningunni og afhenti blóm að lokinni frumsýningu fyrir hönd skólans. Uppselt er á kvöldæfingar í verknáminu en eitthvað er um laus sæti á hádegisæfingar.	
4. Önnur mál:	

GAT-050	Menntaskólinn í Kópavogi	
Útgáfa: 03		
Dags.: 22.09.2021		
Höfundur: GV		
Samþykkt: GE		
Síða 2 af 2	Fundargerð Skólanefndar #3	
	14. febrúar 2024	

Guðmundur Birkir tók fram að Guðríður Eldey komi ekki til baka í haust og vill hann semja kveðju og þakka henni fyrir hennar störf fyrir hönd skólanefndar.

Embla spurði hvort einhver gæti aðstoðað hana við að fá afslátt fyrir nemendur í sundlaugum Kópavogsbæjar. Guðmundur Birkir ætlar að skoða málið og heyra í fulltrúm Kópavogsbæjar.

Talað var um að ef nefndarmenn komist ekki á fundi skólanefndar kalli þeir inn sína varamenn til þess að mæta á fundi.

Næsti fundur áætlaður í mars? Guðríður Hrund sendir út fundarboð.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl.: 13:00
Fundargerð hélt: Guðríður Hrund Helgadóttir

Skjal sótt af '00000000000' dags: 19.08 2026